

Syngelidis gegn Grikklandi

Dómur frá 1. febrúar 2010.

Mál nr. 24895/07.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Réttur til aðgangs að dómstólum. Friðhelgi þingmanna gagnvart málsóknum.

1. Málsatvik

Kærandi, Polychronis Syngelidis, er grískur ríkisborgari, fæddur árið 1957 og búsettur í Aþenu. Hann var kvæntur MA, grískum þingmanni. Við skilnað þeirra árið 2004 gerðu þau samkomulag um forsjá og umgengnisrétt við son þeirra sem fæddist sama ár. Samkvæmt því átti sonurinn að hafa búsetu hjá móður sinni en kærandi hafði umgengnisrétt tiltekna daga. Tveimur mánuðum síðar lagði MA fram kæru á hendur kæranda þar sem hann hefði ráðið öryggisvörð til að sjá um gæslu við hús hennar. Máli hennar var vísað frá dómstólum.

Þar sem kærandi hefði ekki fengið að umgangast son sinn á meðan framangreind mál voru til meðferðar fyrir dómstólum lagði hann fram kæru til lögreglu í október árið 2005 á hendur MA. Saksóknari beindi málinu til forseta gríska þingsins þar sem aflétta þyrfti friðhelgi yfir MA. Það var mat siðanefndar þingsins að hafna ætti kröfunni með vísan í tilteknar þingreglur án þess þó að tilgreina nánar hverjar þeirra ættu við. Í desember árið 2006 hafnaði meirihluti þingsins því að friðhelgi yrði aflétt yfir MA. Ákvörðunin var órökstudd. Árið 2007 lagði kærandi fram tvær kærur til viðbótar á hendur MA vegna brota hennar á umgengnisrétti sem kveðið hefði verið á um í dómsúrskurði. Á grundvelli úrskurðarins gerði kærandi kröfu um greiðslu sektar ef ekki yrði farið að honum. Enn var því beint til þingsins að friðhelgi yrði aflétt yfir MA og siðanefndin hafnaði því á ný með vísan til þess að um væri að ræða sömu kröfu og hún hefði áður hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að synjun gríska þingsins á að aflétta friðhelgi fyrrum eiginkonu hans bryti í bága við rétt hans til aðgangs að dómstólum sem tryggður væri í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst ekki á þau rök grískra stjórnvalda að ekki hefði verið brotið í bága við rétt kæranda til aðgangs að dómstólum þar sem önnur úrræði hefðu staðið honum til boða til að leita réttar síns gagnvart fyrrum eiginkonu sinni. Dómstóllinn ítrekaði að þegar innlend löggjöf tryggði einstaklingum úrræði til að leita réttar síns, væri sú skylda lögð á ríki að tryggja að viðkomandi einstaklingar gætu notið þeirra í samræmi við 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að samkvæmt ákvæðum grísku stjórnarskrárinnar gæti þingið hafnað því að aflétta friðhelgi af þingmanni í þeim tilvikum eingöngu þegar málshöfðun ætti með augljósum hætti rætur sínar að rekja til þingstarfa viðkomandi þingmanns. Í málinu sem hér væri um að ræða voru engin ljós tengsl á milli vanrækslu MA á að uppfylla skyldur sínar samkvæmt forsjársamkomulaginu og þingstarfa hennar. Ennfremur hefði siðanefnd þingsins ekki tilgreint sérstaklega hvaða skilyrði hún taldi uppfyllt til þess að hún gæti hafnað því að aflétta þinghelgi á grundvelli starfsreglna þingsins. Sá skortur á röksemdum hefði gert kæranda ókleift að átta sig á raunverulegum ástæðum synjunarinnar. Dómstóllinn benti einnig sérstaklega á að með þessu hefði skapast ójafnvægi á stöðu kæranda annars vegar og stöðu MA hins vegar þar sem hún gæti, öfugt við hann, höfðað mál á hendur honum.

Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við rétt kæranda til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Einn dómari skilaði séráliti. Með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 12.000 evrur í skaðabætur. Tveir dómarar skiluðu séráliti hvað þann þátt málsins varðar.